

02.05.2010

**Verkefnisstjórn Rammaáætlunar  
um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu  
á vatnsafl og jarðhitasvæði  
c/o Svanfríður Jónasdóttir formaður**

**Efni:** Athugasemdir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði – 2. áfangi. Niðurstöður faghópa.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) gera eftirfarandi athugasemdir:

**NSS** geta ekki fallist á að niðurstöður faghópa Rammaáætlunar 2 séu til þess fallnar að skapa sátt um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Aðferðafræði 2. áfanga Rammaáætlunar er hin sama og 1. áfanga, orkunýting hefur forgang umfram náttúruverndarsjónarmið enda markmiðið að skilgreina hagkvæmstu virkjanakostina. Það vantar einnig allt siðfræðilegt mat í Rammaáætlun og telja NSS það ámælisvert.

Ekki er dregið í efa að verkefni faghópanna var flókið og erfitt og ekki augljóst hvernig hægt er að bera saman ólík svæði til að meta mikilvægi þeirra. Gagnrýni NSS beinist því ekki að faghópunum sem slíkum, heldur þeirri niðurstöðu sem við blasið og er ekki trúverðug.

**NSS** gagnrýna að inn í matsferli Rammaáætlunar hafi verið teknir nánast allir mögulegir vatnsafls- og jarðhitavirkjanakostir á landinu, þrátt fyrir að í mörgum tilfellum hljóti öllum að vera ljóst að vegna neikvæðra umhverfisáhrifa á náttúru og samfélag komi nýting til orkuvinnslu aldrei til greina. Þessi aðferðafræði verður augljóslega til þess að mörg verðmæt náttúrusvæði koma mjög illa út í loka niðurröðun varðandi náttúru- og menningarverðmæti og einnig varðandi ferðamennsku, útivist og aðra hlunnindanýtingu.

**NSS** vekja en og aftur athygli á að stór svæði á suður- og suðvesturhálendi Íslands eru enn óröskuð af ágengum virkjanaframkvæmdum, er þar átt við landsvæði sem tilheyra Vestur Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu og hluta af Árnessýslu. Að raska þessum svæðum með orkuvinnslu og afleiddum óafturkræfum framkvæmdum er því ekki ásættanlegt að mati samtakana.

**NSS** leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að vernda jarðfræðilegar landslagsheildir, vistkerfi og óröskuð víðerni á þessu landsvæði enda hafa slík svæði mikið náttúruverndargildi á heimsvísu.


**NSS** leggjast einnig alfarið gegn því að einkennandi landslagi byggðarlaga sé varanlega breytt og miðlunarlónum og virkjanaframkvæmdum um leið þrengt inn á blómleg landbúnaðarsvæði, sbr. fyrirhugaðar virkjanir í neðanverðri Þjórsá. Þá rýrir það einnig mjög trúverðugleika Rammaáætlunar 2 að fjallað

skuli vera um Norðlingaölduveitu og Skaftárveitu með eða án miðlunar í Langasjó sem mögulega virkjanakosti. Til þess bær stjórnvöld hafa lýst því yfir að þessi svæði skuli njóta friðunar.

**NSS vilja benda stjórnvöldum á að eina leiðin til að komast skrefi nær sáttum varðandi nýtingu náttúrusvæða er að náttúruvernd, sem kostur til nýtingar, hafi sama vægi og nýting til orkuvinnslu. Á meðan þannig er ekki unnið að málinu er allt tal um að Rammaáætlun skapi sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða óraunhæft með öllu.**

Virðingarfyllst

Fh. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands



Ólafía Jakobsdóttir formaður